



Þú ert hér: [Forsíða](#) / [Annað](#) / [Kaup á nautkálfum](#)

Annað nýtt

Annað

Afdrif nauta sem keypt voru á Nautastöð BÍ árið 2015

Stærð og hæð dætra reyndra nauta í nautaskrá vetur 2018

Stærð og hæð dætra reyndra nauta í nautaskrá vetur 2017

Hvað er SpermVital?

Hvernig á að nota SpermVital-sæði?

Ávinningur af notkun SpermVital

Nánari upplýsingar um SpermVital

Nautgripasæðingar 2016

Afdrif nauta sem keypt voru á Nautastöð BÍ árið 2014

Nautgripasæðingar 2015

Afdrif nauta sem keypt voru á Nautastöð BÍ árið 2013

Stærð og hæð dætra reyndra nauta í nautaskrá sumar 2015

Hæð dætra reyndra nauta í nautaskrá vetur 2014

Afdrif nauta sem keypt voru á Nautastöð BÍ 2012

Nautgripasæðingar 2013

Nautgripasæðingar 2012-4

Nautgripasæðingar 2012-3

Nautgripasæðingar 2012-2

Nautgripasæðingar 2012-1

Kaup á nautkálfum

Nautastöð Bændasamtaka Íslands kaupir á hverju ári 70-80 valda nautkálfa frá bændum til kynbóta á íslenska kúastofninum. Þeir eru að jafnaði fluttir á Nautastöðina á Hesti 45-75 daga gamlir. Mjög mikilvægt er að kálfarnir séu vel fóðraðir og hirtir áður en þeir eru fluttir á Nautastöðina sem og eftir komu þangað.



TILKYNNING UM KÁLF – SKOÐUN

Þegar að nautsmóðir eða efnileg kvíga ber nautkálfi undan nautsföður óskum við eftir því að tilkynnt sé um kálfinn til nautgriparráðunauta Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins og hann boðinn stöðinni til kaups. Þeir taka ákvörðun um hvort kálfurinn verði keyptur á Nautastöðina eður ei. Sé áhugi á kálfinum mun ráðunautur koma og skoða kálfinn og móðurina. Meðal þess sem skoðað er hvort kálfurinn sé rétt skapaður, kollóttur, með rétt bit, ekki eineistungur, fjöldi spena o.fl. Standist kálfur og móðir skoðun verður kálfurinn keyptur á stöðina.

FÓÐRUN OG HIRÐING FRÁ FÆÐINGU TIL FLUTNINGS

Kálfurinn þarf að vera vel fóðraður fyrir flutning á Nautastöðina. Kálfar á mjólk þurfa að fá 4-6 lítra á dag og frjálsan aðgang að próteinríku kjarnfóðri strax 4-7 daga gamlir. Bygg er ekki hentugt ungválfafóður. Þá þurfa þeir frjálsan aðgang að góðu heyi og að sjálfsögðu fersku drykkjarvatni.

Aðbúnaður þarf að vera í samræmi við góða búskaparhætti (nægilegt rými, þurrt, hreint o.s.frv.).


Óhreinn, vansæll og/eða illa fóðraður nautkálfur er ekki góð byrjun fyrir kynbótanaut framtíðarinnar.

ÖNNUR ATRIÐI

Munið að merkja kálfinn í samræmi við ákvæði reglugerðar um merkingar búfjár.



[PDF af þessari síðu](#)

 **Líkar þetta** Nýskráðu þig til að sjá hvað vinir þínir kunna að meta.

Búsnúmer Nautastöðvarinnar á Hesti er **2118411**



Nautastöðin, Huppa.is



Nautaskráin



Fréttir



Fyrir síma og spjaldtölvur

© Gögnin á nautaskra.net eru frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, www.rml.is, og Bændasamtökum Íslands, www.bondi.is
Persónuvernd